



## **513. fundur stjórnar SASS**

**haldinn á Hótel Jökulsárlóni á Hnappavöllum í Öræfum  
miðvikudaginn 19. október 2016, kl. 18:00 – 20:00**

Mætt: Gunnar Þorgeirsson formaður, Eggert Valur Guðmundsson, Ágúst Sigurðsson, Elín Einarsdóttir, Sæmundur Helgason, Unnur Þormóðsdóttir, Anna Björg Níelsdóttir og Sandra Dís Hafþórsdóttir. Páll Marvin Jónsson boðaði forföll og í hans stað kom Trausti Hjaltason. Einnig sátu fundinn Alda Alfreðsdóttir, Sólveig Sjöfn Ragnarsdóttir, Þórður Freyr Sigurðsson, Guðlaug Svansdóttir og Bjarni Guðmundsson, framkvæmdastjóri SASS, sem jafnframt ritaði fundargerð.

Formaður bauð fundarmenn velkomna á fund stjórnar á Hótel Jökulsárlóni á Hnappavöllum í Öræfum.

### **Dagskrá:**

**1. Fundargerð síðasta fundar**

Undirrituð.

**2. Dagskrá ársþings og aðalfundar SASS 2016**

Dagskrá ársþingsins og aðalfundar SASS staðfest.

**3. Skipað í starfsnefndir ársþingsins**

Skipað var í starfsnefndir ársþingsins og jafnframt var verklag nefndanna kynnt.

**4. Sóknaráætlun Suðurlands - síðari úthlutun úr Uppbyggingarsjóði Suðurlands**

Formaður verkefnastjórnar Sóknaráætlunar kynntu niðurstöðu um síðari úthlutun Uppbyggingarsjóðs Suðurlands árið 2016. Sjóðnum bárust samtals 86 umsóknir. Fagráðin tvö hafa farið yfir innsendar umsóknir og metið þær.

Verkefnastjórn hefur jafnframt fjallað um þær á fundi. Verkefnastjórn leggur til að úthlutað verði samtals um 30 m.kr. til 52 verkefna og það skiptist þannig að úthlutað verði um 17 m.kr. til 39 menningarverkefna og um 13 m.kr. til 13 nýsköpunarverkefna.

Stjórnin staðfesti fyrirbyggjandi tillögur verkefnastjórnar Sóknaráætlunar Suðurlands um síðari úthlutun 2016 úr Uppbyggingarsjóði Suðurlands.

**5. Önnur mál til kynningar og afgreiðslu**

**a) Suðurlandsnefnd**

Starfshópurinn hefur átti fundi með sveitarstjórum og atvinnurekendum á svæðinu.



**b) Bókun sveitarstjórnar Bláskógabyggðar um tekjur sveitarfélaga af ferðamönnum**

Stjórn SASS tekur undir bókun sveitarstjórnar Bláskógabyggðar um nauðsyn á samstöðu sveitarfélaga og varðandi áherslur og framtíðarfyrirkomulag á tekjuskiptingu ríkis og sveitarfélaga af ferðamönnum. Brýnt er að koma málinu í fastan farveg sem tryggir sveitarfélögum á landsbyggðinni hlut í tekjum af ferðamönnum, til uppbyggingar og viðhalds innviða.

**c) Firmamerki SASS**

Framkvæmdastjóri kynnti drög að breytingum á firmamerki SASS.

Fundi slitið kl. 22:10

Gunnar Þorgeirsson  
Eggert Valur Guðmundsson  
Ágúst Sigurðsson  
Unnur Þormóðsdóttir  
Elín Einarsdóttir  
Sæmundur Helgason  
Sandra Dís Hafþórsdóttir  
Anna Björg Níelsdóttir  
Trausti Hjaltason  
Bjarni Guðmundsson